



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS

NIÐURSTÖÐUR ÞJÓNUSTUKÖNNUNAR UPPBYGGINGARSJÓÐS SUÐURLANDS

Vegna úthlutunar vorið 2024




SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Mái 2024
Samtök sunnleuskra sveitarfélaga
Ingvi Már Guðnason

Inngangur

- Þjónustukönnun Uppbyggingasjóðs er send á alla umsækjendur sjóðsins í hverri úthlutun. Að þessu sinni var könnunin send á 145 umsækjendur sem sóttu um styrk í vorúthlutun 2024 eftir að umsóknarfrestur rann út. Síðasta könnun var framkvæmd haustið 2023.
- Könnunin var send út eftir að umsóknarfrestur rann út og lauk áður en niðurstöður um styrk voru birtar.
- Svörun var 78 af 145 eða samtals 53,8%, þar af:
 - Menningarverkefni: 57,7%
 - Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni: 42,3%

Hvaða flokki tilheyrði styrkumsókn þín?




Upphæðir, fjöldi styrkveitinga og úthlutanir

Skoðun svarenda á viðeigandi fjölda úthlutana á ári er skýr, en 91% umsækjenda kjósa tvær úthlutanir á ári og eru þessar niðurstöður sambærilegar fyrri árum.


Þegar spurt er um skoðun umsækjenda á upphæð og fjölda styrkveitinga telja:

- 78% að upphæðir og fjöldi eigi að ráðast af eðli umsókna/verkefna
- 5% telja að styrkir eigi að vera margir og upphæðir lágar
- 5% telja að styrkirnir eigi að vera fáir og upphæðir háar
- 12% hafa ekki skoðun

Hver er þín skoðun á viðeigandi fjölda úthlutana á hverju ári?



Hvað lýsir almennt best skoðun þinni á upphæðum og fjölda styrkveitinga Uppbyggingarsjóðs Suðurlands?




Upplýsingar um úthlutun

Þegar spurt var hvar umsækjendur fengu upplýsingar um úthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands kom í ljós að:

- 41% hafi fengið upplýsingar af heimasíðu SASS, en það er fjölgun frá hausti 2023 þar sem 38% fengu upplýsingar frá heimasíðunni
- 26% fengu ábendingu frá vini
- 27% fengu ábendingu frá ráðgjafa
- 21% höfðu séð auglýsingu í héraðsfréttablöðum
- 33% höfðu séð auglýsingu á Facebook, er það örlítið hærra en haustið 2023 þegar það voru 31%

Hvar fékkst þú upplýsingar um úthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands?




Umsóknarformið

Þegar spurt var um umsóknarformið er ljóst að:

- 77% voru ánægð með umsóknarformið
- 18% voru hvorki ánægð né óánægð.
- 5% voru frekar óánægð

Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með umsóknarformið?




Umsóknarformið og vefur SASS

Nokkur ánægja er um leiðbeiningar uppbyggingu við að fylla út umsókn hjá sjóðnum.

- 82% eru frekar eða mjög ánægðir með leiðbeiningar við að fylla út umsókn
- 15% eru hvorki ánægðir né óánægðir


Hvernig finnst þér umsóknarformið hjá sjóðnum? s.s. uppbygging og leiðbeiningar



Þegar spurt er um framsetningu upplýsinga um sjóðinn á heimasíðunni telja:

- Lang flestir eða 86% svarenda að hún sé frekar eða mjög góð
- 13% að hún sé hvorki góð né slæm
- 1% að hún sé frekar slæm

Hvernig finnst þér framsetning upplýsinga um sjóðinn á heimasíðu SASS? s.s. uppsetning og leiðbeiningar




Ráðgjafabjónustan

Þegar spurt var um ánægju þjónustu ráðgjafa á vegum SASS kom í ljós að:

- 84% voru frekar eða mjög ánægð, þar af 71% mjög ánægð
- 5% voru hvorki ánægð né óánægð
- 12% voru ekki í samskiptum við ráðgjafa

Mjög ánægðum umsækjendum hefur fjölgað úr 33% í 71% milli kannanna.

Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu ráðgjafa á vegum SASS?




Ráðgjafabjónustan


Umsækjendur voru spurðir að því hvaða væntingar þau hefðu til ráðgjafabjónustu SASS ef þau hlýtu styrk eða hlýtu ekki styrk.

- 30% þeirra sem hljóta styrk vænta þess að vera í reglubundnum samskiptum við ráðgjafa á meðan verkefninu stendur
- 29% hafa engar væntingar til ráðgjafabjónustu SASS hljóti verkefnið ekki styrk
- 36% svarenda hefur væntingar um ráðgjöf til frekari fjármögnunaleiða hljóti verkefnið styrk
- 40% vænta þess að fá ráðgjöf um aðra sjóði eða fjármögnunarleiðir hljóti verkefnið ekki styrk

Ef verkefni þitt hlýtur EKKI styrk úr sjóðnum, hvaða væntingar hefur þú til þjónustu og ráðgjafar á vegum SASS?



Ef verkefni þitt hlýtur styrk úr sjóðnum, hvaða væntingar hefur þú til þjónustu og ráðgjafar á vegum SASS?



Um áherslur og markmið sjóðsins



„Nokkuð gott“

„Mér finnst sjóðurinn grundvöllur þess að á Hornafirði þrífist menningarlíf til jafns við önnur svæði á landinu“

„Óljósar“

„Mjög mikilvægur þáttur í atvinnuuppbyggingu á svæðinu “

„er mjög gott“

„Mikið svigrúm sem er gott “

„Þær eru góðar“

„Umhverfi sem áhersla finnst mér óljóst hvar fellur, það er ein af aðaláherslum en samt er sjóðnum bara skipt í menningu og atvinnuþróun“

„Áheyrslurnar eru margar. Mætti vera opið fyrir bókaútgáfum, það þarf að hlúa að bókmenntum og þetta væri ein leið til þess“

„It's a great way to allow people to start a business who might be quite be able to afford to get them across the finish line“

„Bara flott, menningarlegi þátturinn er ótrúlega mikilvægur og ekki síst mætti beina athygli allra þeirra flottu – væntanlegu- listamanna sem hafa fengið jafnvel marga ára t.d. tónlistarkennslu en hætta svo þegar skólanum líkur. Það þarf að hvetja til þessa aðila til að halda áfarm á einhvern máta héraðinu til menningarauka.“

„Of miklar tiskusveiflur. T.d. er fjölmenning inn núna en störf fyrir konur þótti mikilvægt fyrir nokkrum árum.“

„Mjög, flottar eins opið og það getur verið.“

„Aðdáunarvert“

Um úthlutunarreglur sjóðsins



„Eru aðeins flóknar, en lærist, held ég.“

„Óljósar.“

„Mér finnst ansi undarlegt að ef maður leggur fram ákveðna upphæð til verkefnisins, segum t.d. 1.000.000 og listar ýtarlega niður hvað þarf til að framkvæma verkefnið en síðan sér sjóðurinn aðeins fram á að styrkja verkefnið um t.d. 200.000. Hversu raunhæft er að geta gert verkefni sem kostar 1 milljón fyrir einungis 20% fjármagn? Margir sem sækja um menningarstyrk eru ekki að fá neina aðra styrki í verkefnið, bæði vegna þess að tímaramminn er ekki alltaf hentugur, en svo eru líka bara aðrir sjóðir og fyrirtæki ekki tilbúin að styrkja slík menningarverkefni. SASS gefur út sérstaka menningarstyrki og því þykir mér að sú úthlutun eigi aldrei að vera minni en 50% styrkveiting“

„Sanngjarnar“

„They are fair“

„Gefur mörgum tækifæri“

„nokkuð skýrar“

„Ekkert sem ég sé athugavert við þær.“

„Allt orkar tvímælið þá gjört er“

Niðurstöður



Umsækjendur eru almennt ánægðir með sjóðinn og uppsetningu hans. Niðurstöðurnar eru líkar niðurstöðum síðustu ára, en eftirfarandi atriði hafa breyst hvað mest á milli ára:

- Umsækjendum sem fengu upplýsingar um sjóðinn á heimasíðu SASS hefur fjölgað úr 38% haustið 2023 í 41% í þessari könnun.
- Þeir sem að fengu ábendingar frá ráðgjafa hefur fjölgað frá hausti 2023 þá fengu 12% ábendingu frá ráðgjafa en nú voru það 27% umsækjenda.
- Umsækjendur sem voru mjög ánægðir með ráðgjafapjónustu SASS hefur fjölgað töluvert frá síðustu könnun úr 33% í 71%.
- Færri hafa væntingartil þess að fá ráðgjöf um aðra sjóði eða fjármögnunarleiðir hljóti verkefnið ekki styrk, en þeim hefur fækkað úr 52% í 40%.
- Þeim hefur fjölgað lítið eitt sem telja að upphæðir og fjöldi styrkveitinga eigi að ráðast af eðli umsókna/verkefna eða úr 75% í 78% milli kannana.